

Nr. 22-032 S 25 Tjaldur SH 270***Tekur niðri í innsiglingu***

Skipaskr.nr. 2158
Útgerð: KG Fiskverkun ehf.
Smíðaður: Noregi, 1992 stál
Stærð: 689,16 BT
Mesta lengd: 43,21 m Skráð lengd: 39,0 m
Breidd: 9,0 m Dýpt: 6,8 m
Vél: Caterpillar, 735 kW, 1992.
Fjöldi skipverja: 16



Tjaldur©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA
Gögn Vegagerðarinnar
Gögn LHG
Gögn Hafnarsjóðs
Snæfellsbæjar

Lokaskýrsla afgreidd 31. október 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Hirti Emilssyni og Pálma Jónssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.


Atvikalýsing:

Þann 23. apríl 2022 var Tjaldur SH 270 á útleið frá Rifshöfn. Veður: Hægviðri, sléttur sjór. Á útleið frá bryggju í Rifshöfn tók skipið niðri kl. 21:10 og sat fast við Töskuvita í 15 mínútur. Sjávarhæð yfir stórstraumsfjöru var 1,8 m kl. 21:00


Við rannsókn kom eftirfarandi fram:

- Skipið hafði siglt yfir sama stað á leið til löndunar sama dag og sat þá fastur líka.
- Skipstjóri skipsins sagðist hafa farið yfir sama stað margoft og alltaf sloppið.
- Djúprista skipsins er 6.8 m.
- Venja er að fara ekki inn og út úr höfninni ef flóðahæð er minni en 1.8-2 m.
- Rennan sem siglt er eftir er 43 metra breidd og 6.3-7 m djúp miðað við stórstraumsfjöru.
- Höfnin var mæld árið 2019. (sjá mynd 1)
- Þann 13. maí 2022 gerði Baldur sjómælingaskip LHG könnunarmælingu í innsiglingu Rifshafnar.
- Fjölgeislarmæling Baldurs sýndi heldur meira dýpi en hafnarkort Vegagerðarinnar frá árinu 2019. (Skýring getur verið tilfærsla efnis vegna hafróts og strauma).

- Samkvæmt staðsetningu skipsins var það austan við innsiglingarennu þegar það tók niðri.(sjá mynd 2)
- Kanturinn við Töskusker er mjög brattur og einungis 10-15 metrar frá þeim stað þar sem skipið tók niðri er nægt dýpi er til siglingar.(mynd 3)



(Mynd 1) kort Vegagerðarinnar af Rífhöfn



(Mynd 2) staðsetning Tjalds (raudur punktur) þar sem skipið tók niðri



(Mynd 3) fjarlægð að 5 metra jafndýpslínu

Nefndarálit:

Ástæða þess að Tjaldur tók niðri er að skipið var fyrir utan innsiglingarennu (austan við).